

Hörgársveit
Leiðbeiningar
um veitingu framkvæmdaleyfa fyrir efnistöku
úr Hörgá og þverám hennar

1. gr.

Um útgáfu framkvæmdaleyfa gildir reglugerð nr 772/2012.

Leiðbeiningar þessar eiga að tryggja að efnistaka úr Hörgá og þverám hennar miði að bakkavörnum ána. Það er jafnframt tilgangur þeirra að stuðla að verndun lífríkisins í ánum og jarðfræðlegri fjölbreytni við þær og umhverfis þær. Þær taka mið af gildandi aðalskipulagi sveitarfélagsins, umhverfismati og matsáætlun um efnistöku úr Hörgá og þverám hennar, skipulagslögum, lögum um lax- og silungsveiði, lögum um rannsóknir og nýtingu á auðlindum úr jörðu og reglugerð um framkvæmdaleyfi.

2. gr.

Með farveg Hörgár og þveráa hennar skal farið sem heildstætt efnistökusvæði, sem skiptist í smærri námur og auðkenndar eru í aðalskipulagi. Skv. aðalskipulagi Hörgársveitar 2012-2024 eru efnistökusvæði i Hörgá og þverám hennar eftirfarandi:

Auðkenni	Heiti	Heimilað hámarksmagn; þús. m ³
E2	Hörgá 1	45
E4	Hörgá 2	65
E6	Hörgá 3	85
E7	Hörgá 4	15
E8	Hörgá 5	75
E9	Hörgá 6	400
E10	Öxnadalsá 1	55
E11	Öxnadalsá 2	55

Fyrirhuguð efnistaka úr Hörgá og þverám hennar samkvæmt samþykktu aðalskipulagi er 795.000 m³ næstu 20 ár og þannig háð mati á umhverfisáhrifum, sbr. flokkur 2.01 í 1. viðauka laga nr. 106/2000 um mat á umhverfisáhrifum, sbr. 1. mgr. 5. gr. laganna. Miðað skal við að öll efnistaka úr Hörgá og þverám hennar skuli í umhverfismati metin sameiginlega. Sé sótt um heimild til frekari efnistöku skal umsögn sveitarfélagsins til Skipulagsstofnunar skv. 2. mgr. 8. gr. sömu laga, taka mið af því.

3. gr.

Efnistaka úr Hörgá og þverám hennar er stranglega bönnuð annars staðar en á þeim svæðum sem tilgreind eru í aðalskipulagi Hörgársveitar 2012-2024, sjá 2. gr. Á þessum svæðum er efnistaka eingöngu heimil sé hún framkvæmd skv. reglum þessum. Vegna ítarlegra ákvæða um efnistöku í aðalskipulaginu er þess ekki krafist að gert sé deiliskipulag fyrir framkvæmdasvæði hvernar efnistöku, enda sé í hverju tilviki fylgt ákvæðum aðalskipulagsins og þessara regna.

4. gr.

Með „heimilað hámarksmagn“ í 2. gr. er átt við heildarhámarksmagn á tímabilinu frá 1. júlí 2013 til 30. júní 2033.

5. gr.

Skipulagsfulltrúinn í Hörgársveit skal halda gagnagrunn þar sem fram kemur hversu mikil efnistaka hefur átt sér stað á hverjum svæði og önnur atriði sem skipta máli í þessu sambandi. Meginatriði þeirra upplýsinga sem gagnagrunnurinn geymir skulu aðgengileg á heimasíðu Hörgársveitar.

6. gr.

Skipulags- og umhverfisnefnd skal, áður en 6 mánuðir eru liðnir frá upphafi hvers kjörtímabils hennar, auglýsa á hvaða afmörkuðum stöðum efnistaka verður heimiluð á viðkomandi kjörtímabili. Efni auglýsingarinnar skal taka mið af aðalskipulagi og upplýsingum úr gagnagrunni, sbr. 5. gr. Efni auglýsingarinnar skal staðfest af sveitarstjórninni og hana skal birta á heimasíðu sveitarfélagsins).

Ef þurfa þykir getur nefndin endurskoðað efni auglýsingarinnar á viðkomandi kjörtímabili. Með slíka endurskoðun skal fara skv. 1. mgr. þessarar greinar.

7. gr.

Veiting framkvæmdaleyfis fyrir efnistöku í Hörgá og þverám hennar skal undantekningalaust taka mið af efni auglýsingar skv. 6. gr. og því sem segir í 8.-11. gr. þessara reglna.

Ef aðili að umsókn hefur ekki uppfyllt öll skilyrði framkvæmdaleyfis, sem hann hefur áður fengið fyrir efnistöku í Hörgársveit, er ekki heimilt að veita honum framkvæmdaleyfi fyrir efnistöku úr Hörgá eða þverám hennar.

8. gr.

Umsókn um framkvæmdaleyfi til efnistöku í Hörgá og þverám hennar skal berast skrifstofu Hörgársveitar. Hún skal vera í samræmi við eyðublað þar að lútandi. Eyðublaðið skal vera aðgengilegt á heimasíðu Hörgársveitar. Með umsókninni skulu fylgja eftirfarandi gögn og upplýsingar:

- Afstöðumynd (mælikvarði 1:2.000-1:1.500), sem sýnir það svæði sem fyrirhuguð efnistaka á að taka til, landmótun ef við á og vegtengingar.
- Magn efnis sem sótt er um framkvæmdaleyfi fyrir
- Lýsing á væntanlegri efnistöku, þar sem fram kemur áætlun um væntanlega efnistöku, þar sem fram kemur, lýsing á aðstæðum á efnistökusvæði, vinnslutími og áætlun um frágang efnistökusvæðisins
- Staðfestingu umsækjanda um að fyrirhuguð efnistaka sé í samræmi við skipulag og umhverfismat og matsáætlun um efnistöku úr Hörgá og þverám hennar
- Leyfi Fiskistofu
- Umsögn Heilbrigðiseftirlits Norðurlands eystra
- Heimild landeiganda, ef hann er annar en umsækjandi

9. gr.

Umsókn, sbr. 8. gr., skal berast a.m.k. fjórum sólarhringum fyrir þann fund í skipulags- og umhverfisnefnd sem hún á að takast fyrir á. Skipulagsfulltrúi skal ganga úr skugga um að umsóknin uppfylli öll skilyrði þessara reglna og annara reglna, sem við geta átt. Uppfylli umsóknin öll skilyrði að mati skipulagsfulltrúa, skal hún lögð fyrir skipulags- og umhverfisnefnd. Nefndin gerir tillögu til sveitarstjórnar um afgreiðslu umsóknarinnar, þ.á.m. um skilyrði fyrir hugsanlegri veitingu framkvæmdaleyfis, sbr. 10. gr.

10. gr.

Í tillögugerð sinni skal skipulags- og umhverfisnefnd sérstaklega gæta að eftirfarandi ákvæðum aðalskipulagsins:

- Að efnistakan sé einungis heimil á einum efnistökuastað í einu.
- Að efnistakan hafi sem minnst áhrif á lífríkið á viðkomandi svæði og valdi ekki landbroti.

11. gr.

Sveitarstjórn tekur tillögu skipulags- og umhverfisnefndar um afgreiðslu umsóknarinnar til afgreiðslu. Telji hún efni til, veitir hún heimild til þess að framkvæmdaleyfi fyrir viðkomandi efnistöku úr Hörgá eða þverám hennar verði gefið út. Sveitarstjórn skal setja eftirtalin skilyrði fyrir útgáfu framkvæmdaleyfis fyrir efnistöku úr Hörgá og þverám hennar:

- Starfsleyfi heilbrigðiseftirlits fyrir viðkomandi væntanlega rekstraraðila að efnistöku liggja fyrir áður en framkvæmdaleyfið er gefið út.
- Vinnuvélar sem nota á við efnistöku séu ávallt í góðu ástandi.
- Unnið verði skipulega að efnistöku og að góð umgengni verði um efnistökusvæðið.
- Meðferð olíu og spilliefna miði öll að því að koma í veg fyrir mengun frá framkvæmdasvæðinu.
- Efnislager verði ekki á bökkum árinna heldur fluttur jafnóðum á öruggt efnisgeymslusvæði fjarri ánni.
- haugsetningu efnis, stærð og umfang, þar með talið hæð
- Vélar eða búnaður standi ekki um lengri tíma á efnistökusvæði.
- Vandaður frágangur á efnistökusvæðinu verði að vinnslu lokinni.

12. gr.

Til viðbótar skilyrðum fyrir framkvæmdaleyfi til efnistöku í Hörgá og þverám hennar skv. 10. gr. skal í því vera ákvæði um:

- stærð námu og magni sem heimilt er að nýta samkvæmt framkvæmdaleyfi
- Að tímasetning efnistöku sé utan veiðitíma.
- Viðbrögð útgefanda framkvæmdaleyfisins ef ákvæðum þessi er ekki fylgt.
- Að framkvæmdaleyfið falli úr gildi hefjist efnistakan ekki innan tólf mánaða frá samþykki sveitarstjórnar fyrir veitingu leyfisins.
- Að ef efnistakan stöðvast í eitt ár eða lengur falli framkvæmdaleyfið úr gildi.
- Gildistíma framkvæmdaleyfisins.

13. gr.

EKKI er heimilt að gefa út framkvæmdaleyfi fyrir efnistöku fyrr en framkvæmdaleyfisgjald, skv. ákvörðun sveitarstjórnar, hefur verið greitt.

Sveitarstjórn getur krafist þess að námuréttarhafi leggi fram tryggingu sem hún telur fullnægjandi fyrir áætluðum kostnaði við eftirlit og frágang efnistökusvæða. Nú er farið fram á tryggingu samkvæmt þessu og er þá óheimilt að gefa út framkvæmdaleyfi fyrir efnistöku fyrr en fullnægjandi trygging hefur verið sett.

14. gr.

Birta skal auglýsingu um útgáfu framkvæmdaleyfis í innan tveggja vikna frá samþykkt sveitarstjórnar um útgáfu framkvæmdaleyfisins. Auglýsingin skal birtast á heimasíðu Hörgársveitar þegar leyfið hefur verið gefið út. Í auglýsingunni skal tilgreina kærheimild og kærufrest.

15. gr.

Skipulagsfulltrúi hefur eftirlit með því að skilyrði útgefins framkvæmdaleyfis séu uppfyllt. Sé það ekki gert skal beitt viðeigandi ákvæðum í framkvæmdaleyfinu og viðkomandi lögum.

16. gr.

Leiðbeiningar þessar gilda á gildistíma aðalskipulags Hörgársveitar fyrir tímabilið 2012-2024 og eru settar með heimild í 13. gr. skipulagslaga nr. 123/2010 og 10. gr. reglugerðar nr. 772/2012, um framkvæmdaleyfi. Þær voru samþykktar í sveitarstjórn Hörgársveitar 20. apríl 2016 og skulu birtar á heimasíðu sveitarfélagsins.